

**SAMÞYKKT**

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Dalasýslu, nr. 149 28. ágúst 1940.

1. gr.

27. gr. orðist svo:

Á götum kauptúna (í þétthýli) má ökuhraði ekki vera meiri en 25 km á klukku-stund. Sé for eða bleyta á götunni, skal aka svo, að ekki slettist á aðra vegfar-endur né á gangstéttir.

2. gr.

37. gr. orðist svo:

Um slit á almennum samkomum fer eftir ákvörðun gildandi reglugerðar sam-kvæmt lögum nr. 120 frá 22. desember 1947.

3. gr.

38. gr. orðist svo:

Enginn má halda opinberar samkomur nema með leyfi hreppstjóra í þeim hreppi, sem samkoman skal haldast, eða sýslumanns. Skal stefnt að því að skipta leyfðum samkomum sem jafnast niður á starfandi félög í hreppnum. Leyfi til hlutaveltu skulu veitt af lögreglustjóra. Forstöðunefnd samkomu skal gæta þess, að hún komi eigi í bága við almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar.

Skemmtanaleyfi skulu jafnan vera skrifleg.

4. gr.

39. gr. orðist svo:

Um almennar samkomur gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um löggæzlu á almennum skemmtisamkomum í Dalasýslu.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefur samið og samþykkt samkvæmt lögum nr. 107 8. maí 1935, um lögreglusamþykktir utan kaupstaðanna, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. september 1965.*

**Jóhann Hafstein.**

*Baldur Möller.*

**LÖGREGLUSAMÞYKKT**

fyrir Ólafsfjarðarkaupstað.

I. KAFLI

Um reglu og velsæmi á almannafæri.

1. gr.

Á almannafæri mega upppöt eða óspektir ekki eiga sér stað. Menn mega ekki þyrpast saman á almannafæri, svo að til tálma sé fyrir umferðina. Þegar talað er um almannafæri í samþykkt þessari, er átt við götur, vegi, svæði, er almenningur